

AUGLÝSING

um breyting á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytingar á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 274/1999 um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, svo sem nánar er fjallað um í auglýsingu þessari.

2. gr.

Undirkaflinn „Undanþágur frá einstökum námsgreinum eða námsáföngum“ á bls. 51 í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla orðast svo:

Fatlaðir nemendur og nemendur með lesröskun (lestrar- og skriftarörðugleika) og/eða aðra staðfesta skynjunarörðugleika geta sótt um undanþágu til skólameistara frá einstökum námsáföngum enda sé fullreynt að mati skóla að nemandinn geti ekki náð tókum á náms-efninu vegna skilgreindra annmarka sem sérfræðingur á viðkomandi sviði hefur staðfest. Nemendur skulu þó taka aðra áfanga í stað þeirra sem þeir fá undanþágu frá.

Nemendur geta einnig sótt um undanþágu til skólameistara frá einni námsgrein ef þeir eiga við það mikla námsörðugleika að stríða að þeir geta ekki náð tókum á námsefninu þrátt fyrir endurteknar tilraunir og þrátt fyrir sérstaka aðstoð frá viðkomandi skóla. Slíkir námsörðugleikar skulu staðfestir af sérfræðingi á viðkomandi sviði. Nemendur sem fá undanþágu samkvæmt þessu skulu þó taka aðra grein í staðinn.

Nemendur, sem hafa annað móðurmál en íslensku, og íslenskir nemendur, sem hafa dvalið lengi erlendis og hafa þar af leiðandi takmarkaða kunnáttu í málinu, geta sótt um að stunda nám í íslensku samkvæmt sérstakri námskrá sem ætluð er þessum nemendum. Sama gildir um heyrnarlausa nemendur.

Hafi viðkomandi nemandi dvalið utan Norðurlanda þá getur hann sótt um að taka annað tungumál í staðinn fyrir Norðurlandamál.

Nemendur sem fengið hafa undanþágu frá námi í Norðurlandamáli í grunnskóla geta einnig fengið undanþágu frá Norðurlandamáli í framhaldsskóla. Þeir skulu þó taka aðra grein í staðinn.

Áður en undanþága er veitt skal skólameistari gera nemendum grein fyrir því að undanþágan gæti skert möguleika þeirra til náms í skólum á háskólastigi eða möguleika til starfa á viðkomandi starfssviði ef um starfsnám er að ræða.

Á prófskírteini nemenda skal gera sérstaka grein fyrir undanþágum sem veittar eru samkvæmt framansögðu.

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 8. janúar 2002.

Björn Bjarnason.

Örlygur Geirsson.